

## Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 31. fundar  
Reykjavík, 16. janúar 2015

Föstudaginn 16. janúar 2015 var haldinn þrítugasti og fyrsti fundur í Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Sóley Tómasdóttir	Reykjavík
S. Björn Blöndal	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Sigríður Hulda Jónsdóttir	Garðabæ
Haraldur L. Haraldsson	Hafnarfirði
Kristján Sturluson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Eva Magnúsdóttir	Mosfellsbæ
Adam B. Finnsson	Kjósarhreppi
Sigríður Björk Guðjónsdóttir	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Birgir Finnsson	Varaslökkviliðsstjóri

Áheyrnarfulltrúi var Magnús J. Magnússon frá Rauða krossinum. Víðir Reynisson frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Þorleifur Jónasson frá Póst og fjarskiptamálastofnun sátu fundinn undir lið 1. og 2.

Fundarstjóri: Ármann Kr. Ólafsson  
Fundarritari: Birgir Finnsson

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir höfðu borist við fundargerð síðasta fundar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 30. fundar AHS, 19. desember 2014.

*Afgreiðsla:* Fundargerð samþykkt.

### 2. Almannavarnir, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra fór yfir verkefni vegna þeirra sviðmynda sem hafa verið settar upp vegna Bárðarbungu. Verkefni ríkisins, s.s. ráðuneyta, stýrihóp ráðuneytisstjóra, ríkislögreglustjóra og almannavarnadeilarinnar. Einnig tengsl þessara ríkisaðila við verkefni á vegum sveitarfélagana, samtaka og einkaaðila. Verkefnið hefur verið mjög viðamikil og er engan vegin lokið.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 3. Sviðmynd II vegna Bárðarbungu, verkefni fjarskiptageirans

Þorleifur Jónasson frá Póst og fjarskiptamálastofnun fór yfir verkefni fjarskiptageirans vegna þeirra sviðmynda sem hafa verið settar upp vegna Bárðarbungu.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 4. **Neyðarstjórnir sveitarfélaganna**

Birgir Finnsson fór yfir störf vinnuhóps um neyðarstjórnir sveitarfélaganna. Öll sveitarfélögin hafa uppfært nafnalista vegna neyðarstjórnanna. Unnið er að áætlun um neyðarstjórnir og gátlistum fyrir þær og fyrir mismunandi verkefni/svið innan sveitarfélaganna.

Fram kom tillaga um tengingu við Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

*Afgreiðsla:* Kynning. Vinnuhópurinn setur sig í samband við SSH og LRH.

#### 5. **Æfingar fyrir neyðarstjórnir sveitarfélaganna**

Birgir Finnsson fór yfir fyrirhugaðar æfingar fyrir neyðarstjórnir sveitarfélaganna, en þær verða haldnar upp úr miðjum mars. Um er að ræða eina æfingu fyrir hvert sveitarfélag.

*Afgreiðsla:* Kynning.

**Næsti fundur verður föstudaginn 20. febrúar kl. 08.00.**

Fylgiskjöl, voru send rafrænt með fundarboði en ekki dreift á fundinum:

- Fundargerð 30. fundar AHS, 19. desember 2014.